

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**15. nóvember 2022**

**Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að laun borgarfulltrúa taki ekki hækkunum árið 2023**

Grunnlaun borgarfulltrúa og fyrstu varaborgarfulltrúa miða við þróun launavísitölu frá marsmánuði 2013 og uppfærast í janúar og júlí ár hvert. Lagt er til að launin taki ekki hækkunum í janúar 2023 og júlí 2023. Sparnaðurinn fyrir árið 2023 er áætlaður 29 m.kr. Frá og með janúar 2024 verði þróun á launavísitölu aftur tekin upp við ákvörðun grunnlauna, þó þannig að ekki komi til afturvirkra hækkana á launum. Þá verði miðað við þróun launavísitölnnar sl. 6 mánuði á undan líkt og hefur áður verið gert.